

Reglur um liðveislu

í uppsveitum Árnassýslu skv. lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992

I. Kafli

Markmið, hlutverk og skipulag liðveislu

1. gr.

Markmið liðveislu

Markmið liðveislu er að efla viðkomandi til sjálfshjálpar, veita honum/henni persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs.

2. gr.

Réttur til liðveislu

Heimilt er að veita þeim liðveislu sem eru fatlaðir sbr. 2. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, sem búa utan stofnana og sambýla og hafa náð 6 ára aldri. Liggja skal fyrir greining frá Greiningarstöð ríkisins, Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra, geðlæknum eða öðrum sérfræðingum eftir því sem við á.

3. gr.

Stjórn og yfirumsjón

Félagsmálanefnd fer með stjórn liðveislu á vegum uppsveita Árnassýslu og hefur félagsmálastjóri yfirumsjón með liðveislu.

4. gr.

Sambætt þjónusta

Liðveisla er hluti af sambættri þjónustu við fatlaða á vegum félagsþjónustu uppsveita Árnassýslu. Félagsmálastjóri hefur umsjón með liðveislu, sér um ráðningu starfsmanna, fræðslu og þjálfun þeim til handa, fer með daglega stjórn á starfseminni og veitir liðveitendum ráðgjöf. Jafnframt leggur hann mat á þjónustuþörf og ákvarðar um þjónustu innan ramma gildandi reglna, sem félagsmálanefnd hefur staðfest. Ákvarðanir um þjónustu og fyrirkomulag eru settar í þjónustusamning sem er undirritaður af þjónustuþega og liðveitenda.

II. Kafli

Framkvæmd þjónustunnar

5. gr.

Umsókn um liðveislu

Umsókn um liðveislu skal vera skrifleg. Félagsmálastjóri metur þjónustubörf umsækjanda. Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um umsækjanda svo og maka ef það á við. Upplýsingar sem óskað er eftir eru m.a. um persónulegar aðstæður og lögheimili.

Þá skal umsækjandi jafnframt leggja fram vottorð sérfræðings sem staðfestir þörf umsækjanda fyrir þjónustuna. Í vottorðinu skal koma fram eðli fötlunar sbr. 2. gr. þessara reglna. Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um fyrir sína hönd.

Í sérstökum tilfellum og við endurnýjun umsóknar getur félagsmálastjóri aflað þessara gagna skriflega eða með símtali við sérfræðing með samþykki umsækjanda.

6. gr.

Skilgreining á fötlun og þjónustu

Félagsmálastjóri sem hefur umsjón með liðveislu metur þörf fyrir liðveislu á grundvelli umsóknar. Liðveisla samkvæmt reglum þessum er tvenns konar:

1. Mikil fötlun, það er að segja einstaklingur sem er alfarið háður hjálp annarra og skal liðveisla vera mest 16-20 klst. á mánuði.
2. Minni fötlun og skal liðveisla vera mest 10-14 klst. á mánuði.

7. gr.

Tímabil samþykktar

Samþykktir um liðveislu skulu vera tímabundnar og færðar til bókar. Fyrsta samþykkt skal að jafnaði vera til 3ja mánaða. Þá skal umsókn metin að nýju og framlengd, ef ástæða þykir til. Endurnýjaðar samþykktir skulu að hámarki vera til 6 mánaða. Þó skal heimilt að ákveða liðveislu til 9 mánaða, ef liðveislun er tengd annarri tímabundinni þjónustu svo sem skólavist.

8. gr.

Kostnaður vegna liðveislu

Ekki er innheimt gjald fyrir liðveislu. Þjónustubegi greiðir þó sjálfur eigin útlagðan kostnað.

III. Kafli

Málsmeðferð, málsskot og gildistími reglna

9.gr.

Málsmeðferð og málskot

Málsmeðferð skv. reglum þessum fer að ákvæðum málsmeðferðarreglna stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

10. gr.

Rökstuðningur synjunar

Ef umsókn er synjað fær umsækjandi skriflegar upplýsingar þar sem forsendur synjunar eru rökstuddar.

11. gr.

Álitsumleitan

Í samræmi við 3.gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 hefur ráðuneytið yfirstjórn í málefnum fatlaðra. Umsækjandi sem er ósáttur við ákvörðun félagsmálanefndar getur því leitað álits ráðuneytisins og skal það gert skriflega innan fjögurra vikna.

12. gr.

Gildistími

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra og öðlast gildi þegar sveitarstjórnir uppsveita Árnassýslu hafa samþykkt þær.

Samþykkt í félagsmálanefnd uppsveita Árnassýslu 27.07.06

Samþykkt í sveitarstjórn Bláskógabyggðar

Samþykkt í sveitarstjórn Grímsness- og Grafningshrepps 06.09.06

Samþykkt í sveitarstjórn Hrunamannahrepps 16.08.06

Samþykkt í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Reglur þessar eru settar skv. 35. gr. og 9. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992